

Heimilisfræði 5.bekkur

Kennarar: Dagný Baldursdóttir

5

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Lögð verður áhersla á að nemendur þekki algengustu áhöld og mælitæki í eldhúsinu og geti unnið einföld verkefni í samvinnu við aðra ásamt því að geta farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif. Helstu næringarefni fæðunnar eru kynnt fyrir nemendum. Nemendur fá þjálfun í að ganga frá eftir vinnu sína og geta sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Nemendur fá þjálfun í að vinna með öðrum, leggja sitt af mörkum í samvinnu og að taka leiðsögn. Unnið verður með að vera kurteis og hjálpsamur ásamt því að geta hlustað á aðra og virt skoðanir þeirra.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Bekknum er skipt í fjóra hópa og er hópunum kennt í fjórum lotum yfir veturinn. Hver hópur fær tvær kennslustundir á viku, 60 mín í senn.

Námsaðlögun

Verkefni eru útskýrð fyrir öllum hópnum í einu fyrst. Nemendum er svo skipt í tveggja manna hópa til að vinna verkefnið og er einstaklingsaðstoð veitt svo allir nái sem bestum tókum á þeim aðferðum sem verið er að kenna.

Námsmat

Þeir þættir sem horft er til í námsmati eru áhugi, stundvísi, vinnubrögð, frágangur, samvinna og framkoma.

Leiðbeinandi símat er í hverri kennslustund. Lögð er áhersla á að leiðbeina á uppbyggjandi hátt og hrósa fyrir góð vinnubrögð.

Námsgögn

Gott og gagnlegt 1